

3

18. febr.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr., er renna í hafnarsjóð Ytri-Akraneshrepps. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. mars 1927 og fellur þá úr gildi reglugjörð um sama efni útgefin 15. jan. 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. febr. 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

4

19. mars

VÖRUTOLLUR.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga um vörutoll nr. 38, 27. júní 1921 og l. 15. júní 1926, hefir vörutollur á eftirgreindum vörotegundum verið færður niður þannig:

- 5. des. 1925: Fóðurrófur, færðar í 2. fl. úr 7. fl.
- 20. apríl 1926: Vandglas notað til þess að þjetta með lýsistunnur, færðar í 2. fl. úr 7. fl.
- 1. júlí 1926: Nýr og saltaður hvalur, færður í 2. fl. úr 7. fl.
- 12. okt. 1926: Mottur, sem hafðar eru utan um saltfisk við útflutning, færðar í 2. fl. úr 7. fl.
- 19. nóv. 1926: Járnvír (allur) 2 m/m í þvermál og gildari, færður í 2. fl. úr 7. fl.
- 27. nóv. 1926: Trjepípur til vatnsleiðslu, færðar í 2. fl. úr 7. fl.
- 30. nóv. 1926: Bandskór á trjepípur, færður í 2. fl. úr 7. fl.
- 11. mars 1927: Vindtúrbínur og vindmótorar, færðar í 2. fl. úr 7. fl.

Fjármálaráðuneytið, 19. mars 1927.